



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku þýðingaverðlaunanna**

**Gljúfrasteini
16. febrúar 2019**

Ágætu þýðendur,
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
kæru gestir!

Að þýða verk úr einu máli á annað er vandasamt. Um það geta mörg ykkar vitnað sem hér eruð saman komin á þessari hátíðarstundu, þegar Íslensku þýðingaverðlaunin verða afhent. Ólíkt ykkur er ég ekki þaulreyndur í þessum bransa. Eitt sinn fékkst ég þó við þýðingar til að fá salt í grautinn, snaraði nokkrum spennusögum Stephens Kings yfir á íslensku. Segja má að maður hafi sloppið þokkalega frá þessu, sloppið með skrekkinn. Enn man ég þó þann vanda sem blasti við þegar King lét fólk nota slangur og tala beinlínis vitlaust, miðað við rótgrónar málfræðireglur. Þannig vildi höfundur sýna að söguhetjurnar væru ekki langskólagengnar, tilheyrðu svonefndum lægri stéttum í samfélaginu. En hvernig átti að koma þessu til skila á íslensku? Látu sveitastrákinn þruma: „Veistu, mér langar til að lúberja hann“, og hafa eftir saklausu stúlkunni í slitna kjólnum: „Heyrðu, mér hlakkaði svo til að losna héðan?“

Myndu lesendur ekki bara halda að hér hefðu margir brugðist, þýðandinn, yfirlesarinn og útgefandinn? Og fellur það að íslenskum raunveruleika að nota málvillur til merkis um þjóðfélagsstöðu fólks og menntun? Sú er ekki endilega raunin. Í *Punkti, punkti, komma, strik* er lítil dæmisaga sem varpar dálitlu ljósi á það umhugsunarefni. „Skruðningar heyrðust í stiganum,“ segir í þessari sígildu sögu Péturs Gunnarssonar,

og inn hentust Andri og Sista.
Mamma, mamma – mér hlakkar svo til þegar ...
Mig hlakkar, leiðrétti Haraldur.
Mig hlakkar svo til þegar ...
Ég hlakka til, áréttaði Ásta.
Ég hlakka svo til þegar ...
Ertu eitthvað klikkuð, kona, hrópaði Haraldur.

Góðir áheyrendur, ekki öfunda ég þýðendur sem þurfa að koma öllum blæbrigðum þessa rifrildis til skila á öðru máli en íslensku. Tökum annað dæmi. Við skulum rifja upp hér á Gljúfrasteini orð Ebenesers Draummanns í Brekkukotsannál um torskilin orð í sanskrít:

Til dæmis að taka, hvað þýðir orðið *prana*? Eða *karma*? Og *mæa*? Þessu gat auðvitað einginn maður svarað í Brekkukoti. Og þú veist það ekki heldur úngi maður sem ert í Latínuskólanum? Nei, sagði ég.

Já, mikill getur vandi þýðenda verið – ekki síst þegar Laxness er annars vegar – en reyndar á víst frekar að ræða um „áskoranir“ en „vanda“ samkvæmt nútímafræðum um markþjálfun, leiðtogahæfni og lífsleikni. Svona breyttist málið með tíðarandanum, og ekki fækkar það flóknum úrlausnarefnum þýðenda. Þannig var það svo fram á þessa öld að orðið starfsmannaleiga fannst ekki í íslensku máli. Á hinn bóginn áttum við og eigum enn mörg orð um þrælahald; þræl, man og ambátt, leysingja og frelsingja svo nokkur dæmi séu tekin.

Svona lifir tungumálið mann fram af manni þótt samfélagið breytist. Við höfum líka fyrir satt að orð sé á Íslandi til um allt sem er hugsað á jörðu, og vitnum til öryggis í Einar Benediktsson um þau sannindi. Samt getur það verið snúin glíma að finna íslensk orð yfir hugtök og fyrirbæri utan úr heimi. Hvernig þýðir maður *karma*? Orðið *örlög* nær ekki alveg að fanga merkingu þess og *prana* er eins örðugt að þýða. Kannski eru bara til orð á Íslandi yfir *flest* sem er hugsað á jörðu. Tungumálið og landið verður ekkert verra fyrir það.

Og svo er vandinn auðvitað líka sá að fólk er ekki endilega sammála um orð og inntak þeirra. Fáir hafa lýst þeirri staðreynd eins vel og sá sem ólst upp í þessari sveit og bjó lengi í þessu húsi. Í *Grikklandsárinu* rifjaði Halldór Laxness upp að hann hefði eitt sinn haldið norður í Húnavatnssýslur og grafist fyrir um það hvernig fólk notaði orðið *frjálsslyndur* á þeim slóðum. Og viti menn, þetta gegnsæja og skýra orð, jákvætt á marga vegu, „reyndist í því landslagi hafa eftirtaldar sérmerkingar“, eins og Nóbelskálðið skrifaði: „búlaus hestamaður,

gortari, drykkjumaður, klámhundur, þjófur, landabruddari, spilafífl, lygari, slagsmálhundur, trúvillingur, kvennaflagari og skáld.“

Já, góðir áheyrendur, mikill er vandi þýðenda, og nauðsynlegt að meta þá að verðleikum. Því er það fagnaðarefni að koma saman hér á Gljúfrasteini og afhenda Íslensku þýðingaverðlaunin. Í dómnefnd þeirra þetta árið sátu Brynja Cortes Andrésardóttir, Hildur Hákonardóttir og nefndarformaðurinn Steinþór Steingrímsson. Og niðurstaða þeirra er þessi: Íslenska þýðingaverðlaunin árið 2019 hljóta þau Gunnar Þorri Pétursson og Ingibjörg heitin Haraldsdóttir, fyrir þýðingu sína á verki Fjodors Dostojevskís, *Hinir smánuðu og svívirtu*. Ingibjörg hóf verkið og Gunnar Þorri leiddi það farsællega til lykta.

Í umsögn sinni segir dómnefnd: „Í verkum sínum skapaði Dostojevskí margar af eftirminnilegustu persónum bókmenntanna. *Hinir smánuðu og svívirtu* fæst við kunnugleg stef; ást og hatur, fyrirgefningu og þjáningu. Fyrir töfra höfundarins, og þýðendanna, lifa hinar smánuðu, svívirtu og svívirðilegu persónur sögunnar áfram með lesandanum löngu eftir að lestri er lokið. Á máli sem er í senn gamalt og nýtt opnar lifandi þýðing Gunnars Þorra Péturssonar og Ingibjargar Haraldsdóttur 19. aldar Rússland upp á gátt fyrir íslenskum lesendum.“

Ég óska Gunnari Þorra hjartanlega til hamingju með Íslensku þýðingaverðlaunin, og blessuð sé minning Ingibjargar. Vel er til fundið að heiðra hana með þessum hætti. Þá óska ég öllum þýðendum velfarnaðar í vandasömum verkum, menningu okkar og samfélagi til heilla.